

Nemendamót 2015

Fyrst fimmtudagur febrúarmánaðar er ævinlega frátekinn hjá Verzlingum en þann dag halda nemendur sitt árlega Nemendamót. Nemendamótsdagurinn er órjúfanlegur hluti skólans og hefðin sem honum fylgir mikil. Þessi dagur er hápunktur félagslífsins og eðlilega miklar væntingar sem honum fylgja. Algengt er að bekkirnir byrji daginn snemma og hittist yfir morgunverði í heimahúsi áður en farið er á leiksýninguna.



Leiksýningin í ár er diskósprenghja unnin upp úr kvikmyndinni Saturday Night Fever en fyrir þá sem þykjast ekki þekkja nafnið þá ætti hugsunin um John Travolta í hvítum jakkafötum á blikkandi dansgólfi að hringja einhverjum bjöllum. Sýningin er á íslensku og uppfull af söng, leik og dansi. Að vanda gerðu nemendur fjórlegt kynningarmyndband sem hægt er að nálgast [hér](#). Miðar á almennar sýningar fást á [midi.is](#).

Þegar líður á kvöldið hittast bekkir ýmist á veitingastöðum eða heimahúsum og snæða saman. Þaðan er farið í bekkjarpartí og beinum við þeim tilmælum til foreldra að leyfa ekki eftirlitslaus partí fyrir skólaböll. Skólinn hvikar ekki frá þeirri stefnu sinni að nemendur skólans, og þá sérstaklega 3. bekkingar, mæti án áfengis og mun ölvun ógilda miðann. Edrúpotturinn verður að sjálfsgöðu á staðnum og vinningarnir verða sífellt veglegri. Rúmlega 40% ballgesta tók þátt í pottinum á síðasta balli sem er met sem við vonumst til að verði slegið núna á Nemendamótsballinu. Markmiðið er að fá a.m.k. helming nemenda í pottinn enda til mikils að vinna, sbr. [fréttamola frá Foreldraráði](#).

Ballíð sjálf fer fram í Vodafonehöllinni og verður húsið opnað klukkan 22:00 og lokað stundvíslega klukkan 24:00. Til þess að forðast allan troðning eru nemendur beðnir um að mæta skv. eftirfarandi skipulagi:

3. bekkur - mæta á milli 22:00-22:30
4. bekkur - mæta á milli 22:30-23:00
5. bekkur - mæta á milli 23:00-23:30
6. bekkur - mæta á milli 23:30-24:00

Ballinu lýkur klukkan 02:30 en gera má ráð fyrir að nemendur streymi út úr húsinu um hálf tíma síðar eftir viðkomu í fatahengi.

Gleði- og forvarnardagurinn

Miðvikudagurinn 4. febrúar verður helgaður fræðslu og heilbrigðu líferni í viðum skilningi. Kennir er skv. stundaskrá fyrsta tímans en síðan verður skipt um takt og við taka fyrirlestrar, samræður og örnámskeið um ýmislegt sem tengist því að vera ungur í margbreytilegu og flóknu samfélagi. Kennarar og

nemendur skólans eru í stórum hlutverkum auk þess sem von er á góðum gestum með námskeið og fræðsluerindi. Það er vafalaust fróðlegt fyrir foreldra að heyrja hvaða atburði börn þeirra völdu og hvernig þeim líkaði því úr mörgu er að velja. Dagskránni lýkur á hádegi en hana má nálgast [hér](#).

Foreldraviðtöl

Við þökkum þeim foreldrum og forráðamönnum í 3. og 4. bekk, sem komu í foreldraviðtöl kærlega fyrir komuna. Kennarar voru almennt ánægðir með mætinguna og er það von okkar að viðtölin gagnist öllum, foreldrum, kennurum og umfram allt nemendum sjálfum.



Fjarnám

Kennsla í fjarnámi hófst 27. janúar en meðal nemenda eru dagskólanemendur sem þurfa að endurtaka áfanga frá síðustu önn. Það er mikilvægt að nemendur fylgi vel eftir námsáætlun sinni og hafi það hugfast að þeir eiga að skila öllum verkefnum. Próf í fjarnámi fara fram á prófatíma í maí eins og í dagskóla.

